

Aðalfundur 2011

M.S.-FÉLAG ÍSLANDS

Fundargerð aðalfundar 2011:

Aðalfundur haldinn þann 17. september 2011 kl. 13.00 að Sléttuvegi 5, Reykjavík.

Fundinn sátu 35 félagsmenn.

Fundarstjóri: *Sigríður Jóhannesdóttir*

Fundarritari: *Sigurbjörg Ármannsdóttir*

Fundarefni.

1. Skýrsla stjórnar

Berglind Guðmundsdóttir, formaður, flutti skýrslu stjórnar. Hún sagði frá helstu starfsemi félagsins á liðnu ári, svo sem þjónustu félagsins, fræðslu- og kynningarfundum, námskeiðum, nefndarstarfi, starfi lyfjahóps, landsbyggðarfundum, norrænu samstarfi sem og alþjóðadeginum. Berglind þakkaði félagsmönnum, stjórn og starfsmönnum einkar ánægjulegt samstarf á árinu.

2. Endurskoðaður ársreikningur

Berglind Ólafsdóttir, framkvæmdastjóri, kynnti ársreikninga í fjarveru Bergþóru Bergsdóttur, gjaldkera. Reikningar voru endurskoðaðir af KPMG.

Tap varð af rekstri félagsins sem nemur 3,6 milljónum króna. Afföll af styrktarloforðum jukust úr 5% í 16% og þar sem útgáfutíma MeginStoðar var breytt kom blaðið einungis einu sinni út á árinu með tilheyrandi lægri tekjum. Að öðru leyti voru tekjur og útgjöld svipuð og árið áður. Berglind minntist þó á það að henni þætti sérstaklega ánægjulegt að kostnaður við námskeiðahald og fyrirlestra færi hækkandi en það bendi til þess að félagið bjóði upp á námskeið sem fólki finnst eiga erindi við sig og notfæri sér þjónustuna. Félagið festi á árinu kaup á fánastöng og lét endurnýja bekki við húsið. Einnig var komið að málningarvinnu og endurnýjun húsgagna í leiguíbúð félagsins að Sléttuvegi 9.

Berglind tók fram að þrátt fyrir tap af rekstri standi félagið vel og var eigið fé félagsins í árslok 2010 kr. 207.123.105 og handbært fé kr. 16.541.708,-

3. Umræða og afgreiðsla á skýrslu stjórnar og ársreikningi

Sigríður Jóhannesdóttir þakkaði fyrir skýrslur og gaf orðið laust.

Kristján Engilbertsson þakkaði fyrir skýrslur og stakk upp á að til viðbótar við mörg mjög svo gagnleg námskeið félagsins yrði 12 spora andlegu ferðalagi bætt við.

Steinunn Þóra spurði nánar um námskeið félagsins, vinsældir og kostnað. Í svari Berglindar G. kom fram að námskeið fyrir nýgreinda séu vinsælust og makanámskeiðin vaxandi. Jafnvægisnámskeiðin séu einnig mjög vinsæl svo og yoga og minnisnámskeið. Námskeiðin séu flest á svipuðum kostnaðargrunni. Berglind hvatti fólk til að taka þátt í minnisnámskeiði sem Reykjalundur bjóði upp á sem hluta af rannsókn.

Sigríður kallaði eftir hugmyndum að fleiri námskeiðum.

Ingibjörg Sigfúsdóttir þakkaði fyrir frábærlega unnin störf félagsins í þágu MS-fólks.

Ólafur Baldvinsson spurði um minnkandi tekjur vegna MeginStoðar og einnig minni tekjur af sölu páskaeggja. Berglind Ó. minnti á að í fyrra hafi einungis komið út eitt tölublað af MeginStoð og í liðnum páskaegg hefði verið bókfærð sala á afgangum af armböndum og skýrði það mismun á tekjum.

Berglind Ó. kvað stjórnina hafa ákveðið að senda út mjög svo kurteisislega áminningu til þeirra sem hefðu lofað styrk í símasöfnun en ekki greitt en það hefði farið verulega illa í fólk. Vegna aukinna affalla í símasöfnun væri nauðsynlegt fyrir félagið að finna aðrar fjáröflunarleiðir.

Svana Kjartansdóttir vildi að við spyrðum okkur að því hvað við gætum gert sjálf til að hjálpa félaginu í sjálfböðavinnu.

Sigríður velti því upp hvort möguleika væri á að greiða félagsmönnum fyrir fjáröflunarstarf.

Jóhannes Jónsson sagði að sér finndist ástæða til að hrósa formanni og fyrrverandi formanni fyrir frábær ólaunuð störf.

Skýrsla stjórnar og ársreikningur voru síðan borinn undir atkvæði og bæði samþykkt samhljóða.

4. Árgjald

Stjórnin lagði til að árgjald verði óbreytt þ.e. kr. 1500. Það var samþykkt samhljóða.

5. Kosning stjórnar

Kjörtími Berglindar Guðmundsdóttur formanns var liðinn en hún gaf kost á sér áfram og var hún sjálfkjörin þar sem ekki bárust fleiri framboð.

Í aðalstjórn var kjörtími Söndru Þórisdóttur og Daníels Kjartans Ármannssonar liðinn, en þau gáfu bæði kost á sér áfram og voru sjálfkjörin. Aðalstjórn verður því óbreytt áfram.

Í aðalstjórn eru :

Berglind Guðmundsdóttir, formaður
Sandra Þórisdóttir
Daníel Kjartan Ármannsson
Sigríður Jóhannesdóttir
Bergþóra Bergsdóttir

Kjörtími Karls Steinars Guðnasonar, varamanns, var einnig liðinn en hann gaf kost á sér áfram og var sjálfkjörinn. Njörður Helgason situr áfram.

6. Kosning skoðunarmanna reikninga

Margrét Flovenz hjá KPMG og Valdimar Leó Friðriksson voru endurkjörin.

7. Kosning fulltrúa á aðalfund ÖBÍ

Kjósa þurfti fulltrúa til setu á aðalfund ÖBÍ. Berglind Guðmundsdóttir gaf kost á sér og var sjálfkjörin.

8. Kosning nefnda

Í laganefnd voru endurkjörin:

Helgi Seljan
Sverrir Bergmann
Berglind Ólafsdóttir til vara.

Í ritnefnd voru endurkjörin:

Jón Ragnarsson
Berglind Guðmundsdóttir
Njörður Helgason

Auk þeirra var Sigurbjörg Ármannsdóttir kosin í stað Halldórs Halldórssonar.

Í funda- og fræðslunefnd voru kosin:

Berglind Guðmundsdóttir
Estíva G. Ottósdóttir
Guðrún Erla Sigurðardóttir
Harpa Karlsdóttir
Jóhannes Jónsson
Kristrún Þóra Hallgrímsdóttir
Lonni Björg Hansen
Magnús Óskarsson
Nanna Margrét Brynjarsdóttir
Ólafur Örn Karlsson

9. Önnur mál

Berglind G. bað Ingdísi að sýna fundargestum næsta jólakort, sem skartar mynd eftir Eddu Heiðrínu Backmann. Mikil ánægja er með myndina.

Berglind G. þakkaði fólki fyrir komuna og ræddi um góða ímynd félagsins. Hún sagði einnig frá heilsudegi 15. október og hvatti fólk til að mæta, ásamt því að hvetja fólk til að skrá sig til þátttöku í rannsókn Smára á Reykjalundi.

Sigríður talaði um hvað nýji pallurinn bjóði upp á mikla möguleika til hátíðahalda næsta sumar.

Ólafur Baldvinsson vildi fá að nýta húsið meira á þeim tíma sem MS Setrið er lokað.

Fundi var slitið kl. 14 - og við tóku kaffiveitingar.